

Tillaga

Viðtakandi: Fræðslunefnd

Efni: Tillaga fræðslu- og frístundasviðs

Dags: 5. mars 2023

Málsnúmer: 202303054/-

Sendandi: Gunnhildur María Sæmundsdóttir og Magnea Steinunn Ingimundardóttir

Tillaga:

Lagt er til að fræðslunefnd samþykki að framkvæmdastjóra fræðslu- og frístundasviðs verði heimilt að leita samninga við LFA, (Leikskóli fyrir alla) sjálfstætt starfandi leikskólans Korpukots í Grafarvogi, um allt að 50 leikskólapláss frá ágúst 2023.

Greinargerð:

Starfshópur um uppbyggingu leikskóla lagði til á 414. fundi fræðslunefndar að umhverfissviði og fræðslu- og frístundasviði verði falið að gera sérstaka athugun á því að reka leikskóla í Brúarlandi frá og með næsta hausti. Húsnæðið hentar að mörgu leiti mjög vel til leikskólastarfsemi og var það fyrsti valkostur hópsins. Unnið hefur verið að viðgerðum á húsnæðinu en nýlega kom í ljós að það þarf umfangsmeiri endurbætur en gert var ráð fyrir, meðal annars vegna skemmda í útvegg í ljósi þess telur framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs að það sé nauðsynlegt að tryggja leikskólapláss með því að gera samning við LFA, þar sem framkvæmdir geta dregist í Brúarlandi.

Mosfellsbær vill tryggja að öll börn sem verða 2ja ára á árinu fái leikskólapláss og geti verið fjögur skólár í leikskóla. Að auki býður Mosfellsbær upp á ungbarnaþjónustu fyrir yngsta aldurshópinn sem er orðin 12 mánaða eða eldri þegar skólastarf hefst í ágúst. Við innritun er tekið mið af kennitölu og þau elstu fá úthlutað fyrst..

Leikskólabörnum (2ja til 5 ára) fjölgar milli ára um 43-55. Kemur það til bæði vegna þess að 5 ára börnin sem eru að hætta í leikskóla í sumar og fara í grunnskóla eru töluvert færri en yngstu börnin (2ja ára árgangurinn) sem bíða þess að komast inn í leikskóla og munar þar 43 börnum. Þá eru nokkur eldri leikskólabörn flutt í bæinn en eru enn í leikskóla í sínu gamla sveitarfélagi og gert er ráð fyrir þeim í haust sem og þau sem eru að flytja erlendis frá og utan af landi.

Þess ber að geta að Mosfellsbær hefur verið með samning við LFA um leikskólapláss í nokkur og á vorönn eru í Korpukoti og Fossakoti 22 mosfellsk börn. Því er um útvíkkun á þeim samningi að ræða. <https://www.korpukot.is/>

Greiðslur Mosfellsbæjar vegna þessa samnings yrði í samræmi við viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga en Sambandið gefur út ár hvert gjaldskrá sem tekur mið af raunkostnaði leikskóla á landsvísu. Samningurinn rúmast innan fjárhagsáætlunar 2023.

<https://www.samband.is/verkefnin/fraedslumal/leikskoli/vidmidunarreglur-vegna-leikskoladvalar-utan-logheimilissveitarfelags/>

Þessi mynd sýnir fyrirkomulagið eins og áætlað er að það verði þegar úthlutun er lokið.

Möguleg sviðsmynd haust 2023 - miðað við stöðuna 28. febrúar								
	Leikskólapláss	2018	2019	2020	2021	2022	Samtals	laust
<i>Börn með lögheimili í Mosfellsbæ</i>		175	184	184	211	174	928	
Hlaðhamrar	80	21	19	25	15		80	0
Hlíð	74				60	14	74	0
Hulduberg	102				68	34	102	0
Höfðaberg	162	51	46	55			152	10
Leirvogstunga	112	23	29	25	25	10	112	0
Krikaskóli	102	28	27	22	25		102	0
Reykjakot	85	23	23	18	15	6	85	0
Helgafellsskóli	104	35	30	37	2		104	0
Samtals	821	181	174	182	210	64	811	

Á þessari mynd sést aldurssamsetning hjá yngsta aldurshópnum fjöldi sem verða orðin 12 mánaða 1. ágúst 2023. Ef ekki kemur til fjölgun á leikskólaplássum mun ungbarnaplássum fækka.

Árgangur 2022	12 mánaða 1. ágúst
Leikskólar Mosfellsbæjar	60
LFA - Korpukot	50

Virðingarfyllt,
Gunnhildur María Sæmundsdóttir

Framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs